



10. júní 2013

## Ágætu sveitastjórnarmenn!

Hvetjum áfram til samveru fjölskyldunnar í sumar

Í sumar vill Saman hópurinn ítreka mikilvægi samveru foreldra og unglinga. Rannsóknir hafa sýnt að samvera fjölskyldunnar sé ein besta forvörnin. Í rannsóknum Rannsókna og greiningar við Háskólann í Reykjavík kemur fram að sífellt fleiri ungmenni segjast oft eða alltaf vera með foreldrum sínum bæði á virkum dögum og um helgar, samfara því að neysla tóbaks, áfengis og vímuefna hjá unglíngum er áfram á undanhaldi. Forvarnastarf á þessu sviði virðist því vera að skila miklum árangri. Unglingar og foreldrar vilja eiga fleiri samverustundir saman og er sumarið kjörinn tími til þess. Samvera fjölskyldunnar og mikilvægi þess að foreldrar skapi góðar minningar með börnunum sínum verður megininntakið í auglýsingum SAMAN-hópsins í sumar. Lögð er áhersla á að samvera þarf ekki að þýða útgjöld, við getum spjallað saman, spilað saman, sungið, leikið, hjólað, eldað og farið í göngutúra svo dæmi séu tekin.

SAMAN hópurinn vill hvetja sveitastjórnir til að leggja skilaboðum okkar lið í sumar. Ykkur stendur til boða að nýta án endurgjalds rafrænar auglýsingar og vefborða sumarátaksins sem auðveldlega má koma fyrir á t.d. á heimasíðum sveitarfélaga eða til útgáfu og birtingar eins og hver vill. Einnig býður hópurinn ykkur að nýta hugmyndir og verkefni SAMAN hópsins. Nálgast má upplýsingar um tiltækt efni á vefslóðinni [www.samanhopurinn.is](http://www.samanhopurinn.is).

Samanhópurinn vill hvetja þau sveitarfélög sem bjóða heim á stórar bæjarhátíðir í sumar að hyggja vel að öllu skipulagi er varðar öryggi barna og ungmenna t.d. með því að framfylgja aldurstakmörkunum áfengisлага, lögum um útivistartíma barna og taka mið af öðrum verndarákvæðum barnaverndarlaga. Þá hvetjum við ykkur til að leggja öðru fremur áherslu á samveru fjölskyldunnar og að skapa góðar minningar.

Talsmenn SAMAN hópsins veita fúslega ráð og koma með ábendingar út frá sjónarhorni forvarna sé þess óskað. Í hópnum eru margir sem hafa reynslu af að bæta skipulag bæjarhátíða með einum og eða öðrum hætti. Við viljum aðstoða svo vel megi til takast.

Í hópnum sitja m.a. fulltrúar félagsþjónustu og forvarnafulltrúar víðsvegar af landinu, lögreglu og landlæknis, lýðheilsu, samtökum foreldra, verndara og annarra sem láta sér forvarnir og velferð barna og ungmenna og fjölskyldunnar varða.

**Gleðilegt sumar SAMAN - hópurinn**